

Fundargerð

Aðalfundur Bergrisans bs. haldinn í Ráðhúsi Árborgar á Selfossi, 3. hæð þann 23. október 2019 kl. 14:30

Mætt:

Sjá fylgiskjal 1 með fundargerð - mætingarlisti

Setning

Gísli H. Halldórsson formaður Bergrisans bs. býður fundarmenn velkomna og kynnir dagskrá aðalfundarins. Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og telst fundurinn löglegur. Formaður stjórnar jafnframt fundi og ritari Bergrisans bs. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritar fundargerð.

Ársreikningur 2018

Fjármálastjóri Árborgar fer yfir ársreikning 2018. Rekstrartekjur 2018 1.625.728 þús.kr ekki var kallað eftir aukaframlagi 2018 líkt og þurfti 2017. Rekstrargjöld 1.626.088 þús.kr. Afkoma fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 1.606 þús.kr. Rekstrarreikningur gerður upp á 0. Eignir samtals 322.232 þús.kr, þar af handbært fé 4.464 þús.kr. Fjárfestingarhreyfingar 2018 voru 48.632 þús.kr sem var fjármagnað með handbæru fé. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Kosning þriggja aðalmanna og þriggja varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til eins árs.

Einn stjórnarmaður komi af hverju þjónustusvæði og stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður leggur til að stjórn verði óbreytt frá aukaáðalfundi. Stjórn Bergrisans bs. skipa Gísli Halldór Halldórsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsdóttir, Eydís Indriðadóttir og Ásta Begga Ólafsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Kynning á samningi Bergrisans um Sólheima

Formaður fer yfir samning Bergrisans bs. um greiðslu til verksala á Sólheimum ses sem undirritaður var nú í sumar. Greitt með þjónustuþegum í SIS flokki 5-12. Samningurinn tekur einnig á sameiginlegum skilningi Bergisans, Jöfnunarsjóðs og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á hvernig reglur um greiðslur frá ríkinu vegna málaflokksins eru túlkaðar.

Staðan kynnt vegna annarra þjónustuúrræða einkaaðila

Kerlingardal hefur verið lokað. Unnið að því að ljúka samningaviðræðum vegna uppgjörs. Staða á samningum við Breiðabólsstað og Skaftholt kynnt. Stjórn leggur upp með að vinna samninga við einkaaðila á sama grunni og samninginn sem gerður var við Sólheima.

Tillaga stjórnar um fjölda þjónustuþega í nýjum þjónustukjarna á Selfossi

Stjórn Bergrisans leggur til að stjórn í samráði við starfshóp/byggingarnefnd fái heimild til að meta hvort ráðist skuli í byggingu 5 eða 6 íbúa þjónustukjarna á Selfossi í stað 7 íbúa sem áður hefði verið samþykkt. Endurnýjuð verður umsókn um stofnframlög í samræmi við niðurstöðu stjórnar. Áætlaður kostnaður er 400 millj.kr. Vilyrði um stofnframlög eru komin frá Þroskahjálp og Íbúðalánasjóði.

Einnig verður sótt um greiðslur úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar um ráðningu verkefnisstjóra

Stjórn Bergrisans leggur til að ráðinn verði verkefnisstjóri til eins árs hjá Bergrisanum bs. Verkefnisstjóri verður með starfsaðstöðu á þjónustusvæði Bergrisans bs. í samráði við stjórn. Gera má ráð fyrir launakostnaði sem svarar um 12 millj. kr með launatengdum gjöldum vegna verkefnisstjóra. Á móti kemur að kostnaður af þjónustusamningi Bergrisans við Árborg lækkar í 3 millj.kr. Er þá tekið tillit til skrifstofukostnaðar vegna starfsmannsins. Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020

Formaður þjónusturáðs gerir grein fyrir fyrirbyggjandi verkefnum þjónusturáðs. Fjármálastjóri Árborgar gerir grein fyrir fjárhagsáætlun Bergrisans 2020. Framlög Jöfnunarsjóðs 2020 ættu að liggja fyrir á næstu dögum. Ovissa ríkir um hvernig samningar verða við Breiðabólstað og lúkningu á uppgjöri við Kerlingjardal. Áætlaður kostnaður 1.961.788 þús.kr. Áætlaðar greiðslur frá jöfnunarsjóði 1.390.000 þús.kr. Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna til Bergrisans v/útsvars 251.112 þús.kr. Áætluð fjárþörf í málaflokknum er 320.676 þús.kr. Fjárhagsáætlun 2020 er samþykkt með fyrirvara um að fjallað verði um kostnað og fjármögnun vegna nýs búsetuúrræðis á aukafundi Bergrisans vorið 2020.

Fundi slitið kl. 16:15